


Listráð Kjarvalsstaða heldur yfirlitssýningu á verkum L. Alcopleys



Alcopley við stóra verkið. Það er 25 metrar að lengd og 1,40 metri á breidd og heitir „Hreyfing í rúmi“.

„Ég er mjög ánægður með þetta boð og lagði mikla vinnu í að koma saman samstæðri sýningu. Niðurstæðan varð sú að ég er hér með verk frá 33ja ára tímabili,“ sagði L. Alcopley, þegar Vísir ræddi við hann í kjallara Kjarvalsstaða þar sem hann vann að lengsta verki á striga sem gert hefur verið hér á landi.

Listráð að Kjarvalsstöðum

Nýjasta verkið er ekki orðið þurrt

— en það elsta er frá 1944

gengst fyrir yfirlitssýningu á verkum Alcopleys dagana 10.-25. september. Þetta er stærsta yfirlitssýning sem haldin hefur verið á verkum hans og jafnframt sú fyrsta sem haldin er hér á landi. Þessi bandaríski lista- og visindamaður hefur um langan tíma verið tengdur Íslandi, allt frá því að hann gekk að eiga Ninu Tryggvadóttur árið 1949 og til þessa dags.

A sýningunni eru rúmlega 300 verk, málverk, teikningar, vatnslitamyndir, steinprent og svo alls konar bækur og sérútgáfur á verkum hans.

Mörg verkanna eru ný og eins og áður sagði er eitt svo nýtt að því var ekki lokið í gær. Verkið er 25 metra langt og 1,40 metri á

breidd og er það stærsta verk Alcopleys.

„Efnið sem ég mála þetta á var upphaflega ætlað í kvenbuxur,“ sagði Alcopley og kimdi við. „Ég ætla að nefna það „Hreyfing í rúmi“, enda sýnir það hreyfingu frá öðrum endanum til hins.“

Þessu verki verður komið fyrir utandyra á Kjarvalsstöðum.

Alcopley hefur haldið um 30 einkasýningar víða um lönd. m.a. í New York, Sviss, Japan, París og víðar og tekið þátt í fjölda samsýninga. Er hans nú alls staðar getið í bandarískri myndlistarsögu. Breska sjónvarpið BBC hefur gert mynd um hann og list hans og margir áhugamenn hafa ritað um verk hans. —SJ



Þessa mynd gerði Alcopley af konu sinni, Ninu Tryggvadóttur, á árinu 1948. Hann hefur af miklum höfðingsskap haldið á lofti minningu hennar og list og eru nokkrar myndanna á sýningunni sérstaklega helgaðar henni.

Vísismyndir: EGE

„Augliti til auglitis“ að Kjarvalsstöðum

„Spennandi tilraun með ólýðræðislegum vinnubrögðum“

„Sýningin hefur fengið mjög misjafna dóma, sumir myndlistargagnrýnendur eru stórhreifnir, en öðrum finnst hún slæm,“ sagði Ingigerd Möller ein þeirra sem hvað mest hafa unnið að uppsetningu sýningarinnar „Augliti til auglitis“, sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á laugardaginn.

„Augliti til auglitis“ er norræn myndlistarsýning sem farið hefur um öll Norðurlöndin síðan hún var fyrst opnuð í Stokkhólmi 19. nóvember í fyrra, og lýkur nú göngu sinni hér. Hingað er sýningin komin á vegum Norræna myndlistarbandalagsins og Félags íslenskra myndlistarmanna.


Síðasta samsýning norræna myndlistarmanna var haldin á Kjarvalsstöðum fyrir 5 árum, en að henni lokinni var ákveðið að breyta til.

„Sýningarnar voru hættar að vera áhugaverðar,“ sagði Ingigerd, „sem best sést á því að þær fengu jafna dóma gagnrýnenda. Þess vegna var ákveðið að veita einum manni frelsi til að velja myndir eftir eigin smekk! Til þess var valinn Staffan Cullberg listfræðingur í Stokkhólmi.“

Þessi aðferð leiddi til þess að sýningin hefur persónulegan heildarsvip, þótt þar sé ekkert eitt tema að finna. Í raun er hún mun fjölbreyttari en verið hefur, þar sem engin ein stefna er ríkjandi í myndlist landanna.

Í grófum dráttum má segja að hér komi fram andstæðurnar frumstæð menning og borgarsamfélag.“

Stefan Kulberg hefur einnig unnið að uppsetningu sýningarinnar. Hann kvað það merkilegasta við hana vera að þar væri sölusjónarmiðið ekki haft í huga.



Þessi höfuð eru eftir Norðmanninn Bard Breivik. Vísismynd: EGE

Það hefði lengi verið stefna Norræna listabandalagsins að greiða listamönnum leigu af verkum sínum þegar þær væru á sýningu. Sölusýningar væru aðeins fyrir fáa og auk þess réði sölusjónarmiðið of miklu um það hvaða myndir væru látnar á sýningu.

A þessari sýningu fá allir þeir sem verk eiga þar dágóða leigu af myndum sínum. Hefur styrkur frá Norræna menningarmálsjóðnum gert þetta kleyft.

Ad öðru leyti sagði Stefan að sér þætti þetta spennandi tilraun, þar sem ólýðræðislegum vinnubrögðum væri beitt og einn maður bæri alla ábyrgðina.

Sýningin verður opin til 25. september kl. 16-22 nema mánu-daga. —SJ

VONLAUS HELGI ÁN HELGARBLAÐSINS

57

HelgarAÐ

— Sæli Tunnel! Þessi þrjú heyrast ekki þengur á Siglufirði. Síðan er horfin og síðan arglioni með allri sinni rönnu. Hverja líka smátt og smátt. Nu ver að hléfast á Siglufirði skiptu lagi sturt til að kalla uppi og vernda minjar sem gullöld aldar. Þingarsló. Siglú. Sjá bls. 11-12-13.

Glæpur Crippen læknis — Sjá „Sérstæð sakamál“ á bls. 14-15

SIGLÓ OG ÆVINTÝRID UM SÍLDINA

EIK — Sjá viðtal á bls. 4

Reykvíkingar — 2. flokks þegar? — Sjá „At folk“ eftir Davíð Oddsson á bls. 3

Kermit 21 árs! — Sjá litmyndir af Þróðuleikurum á bls 8-9

KÓNGURINN, KILJAN OG CARL DREYER

Erlendur Sveinsson skrifar um ólíka gesti á Íslandi árið 1926. Sjá „Kvikmyndasjall“ á bls. 5-6-7

— Sjá viðtal við Þóga Jónsson um ferð m/s Mávs með saltfisksfarm til Lúndu, höfuðborgar Angólá, á bls. 2-3

Bók bókanna lesin látlaust í 70 klukkustubdir

Prestar á Suðurnesjum lesa úr Bibliunni dag og nótt nú um helgina í Safnaðarheimili aðventista, Blikabraut 2, Keflavík. Lesturinn hófst í gærkvöldi og er áætlað að hann taki um 70 klukku-

stundir. Eftir að lestrinum lýkur á sunnudag verður fjölbreytt samkoma þar sem Einar V. Arason flytur erindi um innblástur Bibliunnar. Þessa daga verður opið hús á staðnum. Verður þar merkileg sýning á gömlum og nýjum Biblium.

DUUS- HÚSGÖGN,

Hafnargötu 36, Keflavík, sími 92-2009

MINNIR YÐUR Á SÝNINGARVÖRUR SÍNAR Á, HEIMILIÐ 77

MARMARASÓFABORÐ, SVEFNRAÐSETT MEÐ RÚMFATAKASSA,



Sjónvarpsstóllinn „Krókurinn“

HORNSÓFASETTIÐ „BIG-BEN“ MEÐ BAR

Ef þér verslið við okkur á meðan á sýningunni „HEIMILIÐ 77“ stendur yfir verður kaupsamningur yðar að HAPPDRÆTTIS-NÚMERI, sem gefur yður möguleika á sólarlandferð fyrir tvo með Ferðamiðstöðinni. — Dregið eftir sýningu.



Hæginda-stóllinn „Lúna“

DUUS HF.